

# ÁRSSKÝRSLA

# 2002



RÍKISENDURSKOÐUN



# Ríkisendurskoðun

Ársskýrsla 2002



Umsjón: Þórir Óskarsson  
Ljósmyndir: Geir Gunnlaugsson og Þórir Óskarsson  
Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.

# Efnisyfirlit

|                                  |    |
|----------------------------------|----|
| Formáli ríkisendurskoðanda       | 5  |
| Starfsskyldur Ríkisendurskoðunar | 7  |
| Starfsemin árið 2002             | 9  |
| Markmið og leiðir                | 15 |
| Útgefin rit árið 2002            | 22 |
| Ársreikningur 2002               | 23 |



## Formáli Ríkisendurskoðanda



### Starfsemin á árinu

Á árinu 2002 vottaði Ríkisendurskoðun 328 ársreikninga og hafa ekki áður verið áritaðir jafnmargir ársreikningar í sögu stofnunarinnar. Jafnframt voru gerðar 269 endurskoðunarskýrslur. Auk þess að votta að reikningskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag er í ársreikningnum gerð grein fyrir ráðstöfun þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt að veita viðkomandi aðila.

Á árinu 2002 var lokið við 7 stjórnýsluúttektir, þar af tengdust 4 heilbrigðiskerfinu. Í þessum úttektum var leitast við að skoða hvort þjónustan væri skilvirk og uppfyllti þær kröfur sem lög og reglur kveða á um. Gerðar voru ýmsar athugasemdir og sett fram tilmæli um úrbætur.

Á því verkefnasviði sem snýr að endurskoðun upplýsingakerfa hefur stofnunin einkum lagt

áherslu á að taka saman og gefa út fræðslu- og leiðbeiningarefni það að lútandi. Á árinu 2002 sendi Ríkisendurskoðun frá sér leiðbeiningarit um helstu aðferðir sem vélrænt eftirlit byggist á. Ritið nefnist *Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum*.

### Árangur ársins

Árangur Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun árið 2002 verður einkum rakinn til breyttra áherslna og verklags við endurskoðunina og má í því sambandi einkum nefna eftirfarandi þætti: Í fyrsta lagi hæfni og vilja starfsmanna til að taka þátt í breytingum og reyna sameiginlega að ná fram umsömdum þjónustumarkmiðum. Í öðru lagi öflugt innra upplýsingakerfi sem gefur starfsmönnum og stjórnendum kleift að fylgjast með stöðu einstakra viðfangsefna innan ársins. Í þriðja lagi viðleitni stofnunarinnar til að tileinka sér nýjungar í því skyni að auka afköst og bæta verklag og gæði þeirrar þjónustu sem hún veitir. Allir þessir þættir urðu þess valdandi að skilvirkni jókst umtalsvert í störfum Ríkisendurskoðunar á árinu 2002.

Ríkisendurskoðun leitar sífellt leiða til að gera störf sín skilvirkari. Í riti stofnunarinnar *Kennitölur um umsvif og árangur* (2003) er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem nefnd er stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard). Nú er lokið við gerð slíks árangursmats fyrir Ríkisendurskoðun. Þar er á skipulegan hátt lýst tilgangi og verksviði stofnunarinnar, þjónustu hennar, innri verkferlum, starfsemi og þróun og fjármálum. Þá hefur stofnunin gefið út siðareglur fyrir starfsmenn sína og leiðbeiningarreglur um opinbera endurskoðun. Allir þessir þættir stuðla að aukinni skilvirkni og gagnsæi í störfum Ríkisendurskoðunar.

## Horft fram á við

Á undanförunum árum hefur víða erlendis verið þróuð svonefnd áhættustjórnun hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Henni er ætlað að tryggja að viðkomandi starfsemi nái settum markmiðum og lagi sig að óvæntum aðstæðum. Til að kynnast þessari aðferðafræði bauð Ríkisendurskoðun tveimur starfsmönnum bresku ríkisendurskoðunarinnar til Íslands síðastliðið haust og héldu þeir námsstefnu um „Áhættumat og árangursstjórnun“ fyrir starfsmenn Ríkisendurskoðunar og fulltrúa nokkurra stofnana og fyrirtækja ríkisins.

Einn helsti þáttur áhættustjórnunar er gott innra eftirlitskerfi. Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum leitast við að kynna opinberum aðilum mikilvægi slíks kerfis og hvatt þá til að innleiða það. Samhliða hefðbundinni fjárhagsendurskoðun hefur hún einnig kannað ýmsa áhættuþætti í rekstri opinberra stofnana. Ríkisendurskoðun mun halda áfram að miðla upplýsingum um stöðu og þróun á sviði áhættustjórnunar, veita aðstoð við innleiðingu innri eftirlitskerfa og framkvæma úttektir á þeim.

Ljóst er að í framtíðinni mun eftirlitshlutverk opinberra endurskoðunarstofnana í æ ríkara mæli beinast að áhættumati og innra eftirlitskerfi ríkisaðila, stjórnun þeirra og skipulagi. Ennfremur mun það snúast um gæði fjármálastjórnunar, upplýsingakerfa og árangursmælinga auk hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar.

Á undanförunum misserum hefur Ríkisendurskoðun leitast við að marka sér stefnu í umhverfisendurskoðun en nokkurt hlé hefur verið á vinnu við þennan málaflokk. Umhverfisendurskoðun beinist einkum að ýmsum skyldum, markmiðum, áætlunum og aðgerðum sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið. Meðal mikilvægra verkefna er að kanna hvort og með hvaða hætti stjórnvöld innleiða alþjóðasamninga og samþykktir á sviði umhverfismála. Á næstunni mun Ríkisendurskoðun birta samantekt um það hlutverk sem henni er ætlað á þessu sviði. Ljóst er að umhverfismál verða sífellt mikilvægari þáttur í almennri stjórnun og starfsemi fyrirtækja. Af þessum sökum er mikilvægt að Ríkisendurskoðun tileinki sér verklag sem er viðurkennt á þessu sviði.

*Sigurður Þórðarson*



## Starfsskyldur Ríkisendurskoðunar



Starfsfólk Ríkisendurskoðunar við áramótin 2002 - 2003

Ríkisendurskoðun er óháð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Samkvæmt lögum nr. 86/1997 hefur hún það hlutverk að endurskoða og hafa eftirlit með þeirri fjölbættu starfsemi sem íslenska ríkið sinnir, fjárreiðum þess og stjórn-sýslu. Helstu verkefni hennar eru að endurskoða ríkisreikning og kanna hvort reikningsskil stofnana og fyrirtækja gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra og hvort útgjöld þeirra séu í samræmi við heimildir fjárlaga og önnur lögmæt fyrirmæli.

Ólíkt öðrum endurskoðunarstofnunum leitast Ríkisendurskoðun við að kanna hvernig meðferð og nýtingu fjármuna sé varið, þ.e. hvort stofnanir og fyrirtæki ríkisins séu rekin á hagkvæman og skilvirkan hátt og ræki það hlutverk sem þeim er ætlað lögum samkvæmt. Þá er einnig reynt að meta hvort innra eftirlit þeirra

sé fullnægjandi og hvort starfsemin skili viðunandi árangri. Að lokum má geta þess að Ríkisendurskoðun er skylt að lögum að vera nefndum Alþingis til aðstoðar við störf sem varða fjárhagsmálefni ríkisins.


Stór hluti af verkefnum Ríkisendurskoðunar er ýmist bundinn lögum eða unninn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, ráðuneyta eða einstakra ríkisstofnana. Í lögum um Ríkisendurskoðun er þó kveðið skýrt á um að stofnunin sé engum háð í störfum sínum og að starfsfólk hennar skuli í einu og öllu óháð ráðuneytum eða þeim stofnunum og fyrirtækjum sem það endurskoðar. Í þessu felst m.a. krafa um að Ríkisendurskoðun hafi í senn frumkvæði að vali verkefna og skipulagningu þeirra og að vinnubrögð séu hlutlæg, fagleg og í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur. Í lögunum er einnig kveðið á

um að Ríkisendurskoðun skuli hafa aðgang að öllum gögnum sem skipta máli vegna endurskoðunarstarfa hennar.

Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir flestum verkefnum sínum í skýrslum eða álitsgerðum. Þessar skýrslur eru í öllum tilvikum sendar þeim aðilum sem eru til endurskoðunar og þeim ráðuneytum

sem þær heyra undir. Nokkur hluti þeirra er þó gerður opinber. Þetta á einkum við um þær skýrslur sem unnar eru í tengslum við stjórn-sýsluúttektir stofnana og fyrirtækja, greinargerðir sem unnar eru vegna sérstakra málefna og ýmiss konar leiðbeiningarrít fyrir opinbera aðila. Þá er endurskoðun ríkisreiknings ævinlega gerður opinber.

# Starfsemin árið 2002



Skipurit Ríkisendurskoðunar  
(Fjöldi starfsmanna)

## Endurskoðunarsvið I-III

Endurskoðunarsvið I-III annast alla hefðbundna fjárhagsendurskoðun á vegum ríkisins. Endurskoðunarsvið I sinnir stofnunum, fyrirtækjum og hlutafélögum sem standa utan A-hluta ríkisreiknings. Endurskoðunarsvið II endurskoðar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings aðrar en þær sem heyra undir fjármálaráðuneytið. Endurskoðunarsvið III sinnir endurskoðun hjá stofnunum fjármálaráðuneytisins en hefur einnig í æ ríkari mæli lagt áherslu á að kanna innra eftirlit stofnana og hvernig þær standa að áhættumati. Afraksturinn af starfsemi endurskoðunarsviða birtist best í skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings.

## Stjórnsýslusvið

Stjórnsýslusvið hefur fyrst og fremst það verkefni að kanna hvernig stofnanir og fyrirtæki nýta þá fjármuni sem stjórnvöld hafa veitt þeim og hvernig þeim gengur að sinna verkefnum sínum og ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Undir verkswið stjórnsýslusviðs heyrir einnig endurskoðun á framkvæmd fjárlaga. Undanfarin ár hef-

ur stjórnsýslusvið gefið út 7-11 skýrslur árlega þar sem gerð er grein fyrir einstökum verkefnum.

## Lagasvið

Meginhlutverk lagasviðs er að vera öðrum sviðum stofnunarinnar til aðstoðar og ráðgjafar um lögfræðileg úrlausnarefni og álitamál sem tengjast endurskoðunarverkefnum. Þá annast starfsmenn lagasviðs eftirlit með sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt skipulagsskrá. Að lokum má geta þess að verkefni á sviði umhverfisendurskoðunar heyra undir lagasvið.

## Endurskoðun upplýsingakerfa

Á síðustu árum hefur Ríkisendurskoðun lagt áherslu á að endurskoða upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja ríkisins. Markmið þessa er að tryggja að tölvakerfi séu bæði skilvirk og örugg. Vegna þessa hafa starfsmenn Ríkisendurskoðunar gert margvíslegar úttektir á upplýsingakerfum einstakra embætta og stofnana auk þess sem þeir hafa tekið saman nokkur leiðbeiningarrit sem tengjast starfssviði stofnunarinnar.




## Skrifstofusvið

Starfsfólk skrifstofusviðs sinnir öllum almennum verkefnum sem tengjast starfsmannahaldi og daglegum rekstri stofnunarinnar, svo sem ritara-störfum, síma- og skjalavörslu, frágangi á skjölum og skýrslum og umsjón með útgáfu þeirra rita sem stofnunin sendir frá sér.

## Afrakstur og árangur

Eins og fjöldi starfsmanna einstakra sviða gefur til kynna er mestum tíma og kröftum varið til fjárhagsendurskoðunar. Árið 2002 voru 63% allra vinnustunda þeirra starfsmanna sem sinntu endurskoðun notaðar til slíkra verkefna, 19% vinnustunda var varið til verkefna á vegum stjórnsýslusviðs, 7% til upplýsingasviðs og um 8% til verkefna lagasviðs. Aðrir starfsmenn, þar með talin yfirstjórn stofnunarinnar, unnu um 3% allra vinnustunda.


Hlutfallsleg skipting vinnustunda við endurskoðunarstörf



Ríkisendurskoðun hefur sett sér það markmið að auka gæði og skilvirkni þess starfs sem innt er af hendi innan stofnunarinnar og gera það enn sýnilegra en verið hefur. Jafnframt því hefur stofnunin á síðari árum leitast við að víkka út það svið sem tekið er til endurskoðunar með því að kanna ýmsa þætti í starfsumhverfi stofnana og fyrirtækja hins opinbera um leið og hefðbundin fjárhagsendurskoðun fer fram.

Ef horft er til heildarfjölda áritaðra ársreikninga og endurskoðunarskýrsla hafa afköst Ríkisendurskoðunar aldrei verið meiri en árið 2002. Alls voru 328 ársreikningar áritaðir og 269 endurskoðunarskýrslur samdar. Til samanburðar má geta þess að árið 2001 voru 248 ársreikningar endurskoðaðir og 122 endurskoðunarskýrslur samdar. Árituðum ársreikningum fjölgaði því um 80 eða rúm 32% og endurskoðunarskýrslum um 147 eða 120%.

Afköst endurskoðunarsviða



Árið 2002 var lokið við 7 skýrslur á vegum stjórnsýslusviðs og er það sami fjöldi og árið 2000 en þremur færri en árið 2001. Þessi sveifla skýrist að nokkru leyti af því að þau verkefni sem hér um ræðir eru iðulega unnin á fleiri en einu almanaksári. Auk þessara úttekta sendi stofnunin frá sér eitt leiðbeiningarrit um áreiðanleika gagna í upplýsingakerfum og 8 greinargerðir um afmörkuð málefni, svo sem um innra eftirlit nokkurra stofnana og fyrirtækja ríkisins og um útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. Árið 2001 voru slík rit 13 talsins.


Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stofnunin aldrei komið upplýsingum sínum á framfæri til jafnargra einstaklinga og árið 2002. Auk þeirra aðila sem áritunum, skýrslum og greinargerðum er sérstaklega beint til, þ.e. stofnana og fyrirtækja

ríkisins, ráðuneyta og endurskoðunarskrifstofa, sýna fjölmiðlar störfum Ríkisendurskoðunar mikinn áhuga og vísa iðulega til þeirra í fréttalutningi sínum og annarri umfjöllun. Jafnframt hefur færst mjög í vöxt að almenningur kynni sér efni þeirra skýrslna sem gerðar eru opinberar og birta eru á heimasíðu stofnunarinnar: [www.ríkisendurskodun.is](http://www.ríkisendurskodun.is).

Árið 2002 voru 47 skýrslur og greinargerðir á heimasíðunni opnaðar 9.086 sinnum sem jafngildir því að hver skýrsla hafi verið opnuð 193 sinnum. Þar af var sú skýrsla sem mestan áhuga vakti, *Samningar Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna 1998-2001*, opnuð 654 sinnum. Litlu færri, eða 591, opnuðu skýrsluna *Sólheimar í Grímsnesi*. Þá heimsóttu um 2.250 það svæði heimasíðunnar þar sem útdrættir skýrslna og aðrar fréttir um stofnunina eru vistuð.

Athygli vekur hve fljótt almenningur tekur við sér þegar kunnert er um útgáfu skýrslna. Nefna má að um 85% þeirra sem árið 2002 opnuðu skýrsluna *Samningar Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna 1998-2001* gerðu það í útgáfumánuði hennar, september.

### Útgefin rit og skýrslur



### Starfsmannamál

Undanfarnir 10 ár hafa fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar að jafnaði verið á bilinu 43 til 45. Auk þeirra hafa utanaðkomandi endurskoðendur sinnt ýmsum verkefnum fyrir hönd stofnunarinnar. Á árinu 2002 skiluðu starfsmenn alls 68.639 vinnustundum við endurskoðun og eru það heldur fleiri tímar en árið 2001 þegar



vinnustundafjöldi var 65.760. Nemur aukningin um það bil einu stöðugildi. Aðkeypt þjónusta samsvaraði um 5 ársverkum og er það einu færri en árið 2001. Heildarvinnustundafjöldi árið 2002 var því nokkurn veginn sá sami og árið áður. Vegna síaukinna verkefna var ákveðið að bæta við nokkrum starfsmönnum undir lok árs 2002. Um síðustu áramót voru alls 49 á launaskrá, 28 karlmenn og 21 kona. Meðal annars var ráðinn sérfræðingur á sviði umhverfisendurskoðunar.

Vegna þeirra fjölbreytilegu verkefna sem Ríkisendurskoðun sinnir hefur verið lögð áhersla á að ráða starfsfólk með margvíslega menntun og starfsreynslu. Við árslok 2002 störfuðu við stofnunina 5 löggiltir endurskoðendur, 24 viðskiptafræðingar, 5 lögfræðingar, 3 sérfræðingar í opinberri stjórnarsýslu, 1 verkfræðingur, 1 hagfræðingur, 1 íslenskufraðingur og 9 með aðra menntun.

### Frá starfsmannafundi



Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á endurmenntun starfsmanna og eru þeim að meðaltali ætlaðar 40 vinnustundir til námskeiða á hverju ári. Hluti þessara námskeiða fer fram innan stofnunarinnar eða í samstarfi við aðra opinbera aðila en jafnframt eiga starfsmenn þess kost að velja sér námskeið á vegum annarra aðila. Auk þess hefur stofnunin stutt við bakið á þeim starfsmönnum sem stunda nám til löggildingar í endurskoðun. Á síðustu árum hafa fjórir starfsmenn nýtt sér þennan möguleika.

## Fjárhagur

Heildargjöld ársins 2002 að frádregnum sértekjum námu alls 264,6 m.kr. og er það 6% hækkun frá árinu 2001 þegar gjöldin voru 249,5 m.kr. Mestu munaði um kostnaðarauka vegna launa (6,8%) og rekstrar (13,6%). Rekstrartekjur (seld þjónusta) hækkðu hins vegar um 32,7% eða úr 30,3 m.kr. í 40,2 m.kr.

Þegar litið er til þess hvernig kostnaður (271 m.kr.) skiptist eftir starfssviðum sést að rekstur fjárhagsendurskoðunar kostaði um 167 m.kr. og er það um 62% af heildargjöldum. Rekstur stjórnisýslusviðs kostaði um 48 m.kr. (18%),

rekstur lögfræðisviðs 19 m.kr. (7%), rekstur upplýsingasviðs 17 m.kr. (6%) og rekstur yfirstjórnar 20 m.kr. (7%). Þessi kostnaður endurspeglar allvel umfang starfseminnar og skiptingu vinnustunda eftir starfssviðum.

## Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun

Í riti Ríkisendurskoðunar *Kennitölur um umsvif og árangur* (2003) er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem nefnd hefur verið stefnumiðað árangursmat og bent á hvernig ríkisaðilar geti nýtt sér hana til að ná markmiðum sínum og meta árangur starfa sinna. Ríkisendurskoðun hefur einnig samið greinargerð um kosti þess að stofnunin innleiddi árangursmatskerfi sem byggði á þessari aðferðafræði og útbúið stefnukort og yfirskorkort fyrir starfsemi sína. Greinargerðin, „Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun“ (2003), er birt í heild á heimasíðu stofnunarinnar: [www.ríkisendurskodun.is](http://www.ríkisendurskodun.is).

Hér verður dregið á þau atriði sem mynda uppi- stöðu stefnukorts stofnunarinnar: 1) Tilgangur og hlutverk, 2) Þjónusta, 3) Innri verkferlar, 4) Starfsmenn og þróun, 5) Fjármál. Ljóst er að allir þessir þættir tengjast innbyrðis og að enginn getur án annars verið.

**Tilgangur og hlutverk.** Ríkisendurskoðun var sett á stofn með lögum frá Alþingi og þar er einnig kveðið á um hlutverk hennar og verkswið við að veita álit og upplýsingar sem koma að gagni við ákvarðanatöku. Líkt og aðrar ríkisstofnanir hlýtur Ríkisendurskoðun að horfa til þessa þegar hún markar sér stefnu, velur verkefni og metur árangur sinn.

**Þjónusta.** Þá þjónustu sem Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að veita má í meginatriðum flokka í þrennt: 1) Hún skal votta upplýsingar um fjármál og umhverfismál. Þá skal hún gefa álit á því hversu góðar og áreiðanlegar þær upplýsingar eru sem notaðar eru við ákvarðanatöku og til þess að endurbæta verkferla og innra eftirlit. 2) Hún skal veita ráðgjöf um það hvernig bæta megi meðferð og nýtingu ríkisfjár svo að unnt sé að auka hagkvæmni, skilvirkni og markvirkni í rekstri ríkisstofnana og fyrirtækja. Auk þess skal hún veita annars konar ráðgjöf á sviði ríkisfjármála. 3) Hún skal gera úttektir sem

Yfirlit rekstrarreiknings (í m.kr.)

|                              | 2002          | 2001        | br.% |
|------------------------------|---------------|-------------|------|
| Rekstrartekjur               | 40,2          | 30,3        | 32,7 |
| Launagjöld                   | 222,5         | 209,0       | 6,8  |
| Önnur rekstrargjöld          | 70,5          | 66,0        | 13,6 |
| Eignakaup                    | 11,8          | 4,8         | 45,8 |
| Gjöld alls                   | 304,8         | 279,8       | 8,9  |
| Gjöld að fráteknum tekjum    | 264,6         | 249,5       | 6,0  |
| Ríkisframlag                 | 245,5         | 270,2       | -9,1 |
| <b>Tekjuafgangur (halli)</b> | <b>(19,1)</b> | <b>20,7</b> |      |

miða að því að upplýsa um einstök mál og taka saman yfirlit um verkferla eða vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar.

**Innri verkferlar.** Venjulega geta stofnanir og fyrirtæki haft eitt af eftirfarandi atriðum að leiðarljósi þegar verkferlar eru mótaðir: að veita ódýra þjónustu, að veita framsækna þjónustu eða að veita góða þjónustu. Sem ríkisstofnun hlýtur Ríkisendurskoðun að stefna því að veita eins góða þjónustu og mögulegt er innan þess ramma sem fjárlög setja henni. Gæði og skilvirkni eru því þau atriði sem stofnunin miðar að með innri verkferlum sínum. Til að ná þessu marki er mikilvægt að allir þættir starfseminnar tengist saman.

**Starfsmenn og þróun.** Þessir þættir skipta sköpum fyrir árangur stofnunarinnar í komandi framtíð og möguleika hennar til að þróa og bæta þá þjónustu sem hún veitir. Meðal mikilvægustu atriða eru endurmenntun starfsmanna, vinnubrögð þeirra og aðferðir við endurskoðun. Þessu má skipta í þrennt: í lykilmætti, lykiltækni og hvetjandi starfsanda. Nauðsynlegt er að stofnunin ráði yfir velmenntuðu og velþjálfuðu starfsfólki og geti búið því æskileg vinnuskilyrði.

**Fjármál.** Meginmarkmið stofnunarinnar á þessu sviði eru að halda rekstrinum innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar hafa verið og tryggja að hann sé kostnaðarlega hagkvæmur miðað við aðkeypta þjónustu. Um leið er ljóst að stofnunin þarf á tiltekinni fjárveitingu að halda til að ráða nýtt starfsfólk, veita því þjálfun eða endurmenntun og þróa þá þjónustu sem veita á.

Ríkisendurskoðun hefur reynt að skilgreina nokkra mælikvarða til að meta einstaka þætti starfsemi sinnar og hversu vel gengur að ná þeim markmiðum sem felast í stefnu hennar. Þjónusta verður m.a. metin með því að mæla hlutfall þeirra verka sem lokið er á réttum tíma og nýtast við ákvarðanatöku. Innri verkferlar verða metnir í ljósi fjölda áritaðra reikningsskila, stjórnsýslu-úttekta og annarra rita. Til að meta starfsmenn og þróun verður litið til hlutfalls starfsmanna með meira en 3 ára starfsreynslu, fjölda endurmenntunarstunda og fjölda virkra vinnustunda. Til að meta fjármál verður rekstrarniðurstaða borin saman við fjárheimildir. Sömuleiðis verður kostnaður við unna klukkustund fastra starfsmanna borinn saman við kostnað við aðkeypta



þjónustu. Þá er stefnt að því að auka bæði innra og ytra gæðamat með ýmiss konar könnunum á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir.

## Alþjóðleg samskipti

Ríkisendurskoðun er aðili að ýmsum fjölþjóðlegum samtökum um endurskoðun, auk þess sem hún hefur gott samband við systurstofnanir sínar í öðrum löndum. Á hverju ári taka starfsmenn hennar þátt í alþjóðlegu samstarfi, þingum, ráðstefnum og fundum, miðla upplýsingum um starfsemina hér á landi og njóta góðs af reynslu og þekkingu annarra.

Af alþjóðlegum samskiptum á árinu 2002 bar hæst 5. aðalþing Evrópusamtaka ríkisendurskoðenda (EUROSAI) sem haldið var í Moskvu 27. til 31. maí. Á þessu þingi var einkum fjallað um eftirlitshlutverk ríkisendurskoðana við framkvæmd fjárlaga og um mögulegt ráðgjafarhlutverk slíkra stofnana við mótun slíkra laga. Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi, sótti þingið fyrir hönd Ríkisendurskoðunar og var hann þar kjörinn annar tveggja endurskoðenda samtakanna til þriggja ára.

Í júlí var haldinn fundur norrænna ríkisendurskoðenda í Færeyjum og 11. og 12. september sóttu tveir starfsmenn Ríkisendurskoðunar fund í Ósló um stjórnsýsluendurskoðun á Norðurlöndum. Þar var m.a. rætt um þær aðferðir sem notaðar eru til að tryggja gæði endurskoðunarstarfsins.

Í lok nóvember heimsóttu tveir fulltrúar bresku ríkisendurskoðunarinnar NAO Ríkisendurskoðun og héldu námsstefnu fyrir starfsmenn um

„Áhættumat og áhættustjórnun“. Jafnframt var fulltrúum nokkurra stofnana og fyrirtækja ríkisins boðið á kynningarfund um efnið.

Dagana 24. til 26. nóvember heimsótti Wang Zhongyu, ritari Ríkisráðs Kína og einn af varaforsetum landsins, Ísland í boði héraðsvalda. Wang Zhongyu hefur tekið virkan þátt í að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu kínverskra stjórnvalda að endurskipuleggja ríkisfyrirtæki og aðlaga þau að markaðskerfi. Jafnframt fer hann með málefni kínversku ríkisendurskoðunarinnar fyrir hönd forsætisráðherra. Í för hans var einnig kínverski ríkisendurskoðandinn og þrír af starfsmönnum hans. Hópurinn heimsótti Ríkisendurskoðun og fundaði með yfirmanni hennar.

Í árslok 2002 lauk 6 ára setu ríkisendurskoðanda í endurskoðunarráði Evrópuráðsins í Strassborg. Evrópuráðið hefur nú óskað eftir því að hann



Frá aðalþingi EUROSAI 2002

framlengi setu sína í endurskoðunarráðinu til ársloka 2004 og hefur hann orðið við því. Ástæða þessarar beiðni er sú að Evrópuráðið hefur ákveðið að breyta fyrirkomulagi ytri endurskoðunar og mun hin nýja skipan taka gildi frá og með 2005.




## Markmið og leiðir

### Fjárhagsendurskoðun 2002

Á undanförunum árum hefur færst mjög í vöxt að stofnanir og fyrirtæki ríkisins gefi út eigin ársreikninga með áritun endurskoðanda og er þróun síðustu fimm ára rakin í meðfylgjandi súluriti. Árið 1997 voru gefnir út 242 ársreikningar með áritun endurskoðenda og voru 146 þeirra með áritun Ríkisendurskoðunar en 96 með áritun endurskoðunarskrifstofa sem starfa í hennar nafni. Árið 2001 var tala áritaðra ársreikninga komin upp í 409. Þar af voru 328 með áritun Ríkisendurskoðunar en 81 með áritun annarra endurskoðunarskrifstofa.

Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða á árunum 1997-2001



Árið 2002 voru um 80% allra stofnana í A-hluta ríkisreiknings teknar til endurskoðunar og er stefnt að því að allar stofnanir verði endurskoðaðar árlega frá og með áramótunum 2002-2003. Auk þess sem Ríkisendurskoðun mun halda áfram að votta fjárhagslegar upplýsingar verður lögð aukin áhersla á að votta upplýsingar um umsvif og árangur sem stofnanir birta í árskýrslum sínum. Um það bil helmingur stofnana



ríkisins hafa nú tekið upp svokallaða árangursstjórnun sem felur m.a. í sér að stofnanir setji sér markmið til lengri eða skemmri tíma sem nota megi sem viðmiðun þegar endanlegur árangur er metinn.

Eins og nefnt hefur verið koma langfæstar þeirra fjölmörgu áritana og endurskoðunarskýrsla sem starfsfólk Ríkisendurskoðunar tekur saman vegna eftirlits- og endurskoðunarstarfa sinna fyrir almenningssjónir, heldur eru þær einungis sendar þeim aðilum sem voru til endurskoðunar og viðkomandi ráðuneyti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings er þó ævinlega birt opinberlega. Hún geymir yfirlit um fjölpætta og viðamikla vinnu starfsfólks endurskoðunarsviða.

### Áhersluatriði við fjárhagsendurskoðun

Meginhlutverk Ríkisendurskoðunar er að kanna og meta hvort ársreikningar stofnana og fyrirtækja ríkisins séu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess.



Í skýrslu Ríkisendurskoðunar *Endurskoðun ríkisreiknings 2001* (2002) kemur í ljós að bókhald og fjármál ríkisstofnana voru almennt séð í góðu lagi og þótti því ekki tilefni til verulegra athugasemda. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á framsetningu ársreikninga A-hluta stofnana í ríkisreikningi eru einnig til bóta. Nú koma allar tekjur fram í rekstrarreikningi, hvort heldur sértekjur, aðrar rekstrartekjur eða markaðar tekjur, auk þess sem framlag ársins (fjárheimild) er fært í honum. Mismunur tekna og gjalda færast á höfuðstólsreikning stofnana og sýnir því uppsafnaða stöðu stofnana miðað við fjárheimildir. Þetta er í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997.

Auk hefðbundinnar endurskoðunar hefur Ríkisendurskoðun undanfarin ár fylgt þeirri stefnu við fjárhagsendurskoðun að taka nokkra afmarkaða málaflökka til sérstakrar athugunar og skoða gaumgæfilega tiltekin atriði í rekstri þeirra. Markmiðið með þessu er að auka aðhald í ríkisrekstri og stuðla að góðri og markvissri nýtingu fjármuna. Við fjárhagsendurskoðun ársins 2001 var hugað sérstaklega að aðalskrifstofum ráðuneytanna, framhaldsskólunum, embættum sýslumanna og þeim stofnunum sem heyra undir skattkerfið. Einkum var horft til þess hvort eðlilega væri staðið að eftirfarandi atriðum:

- Samskiptum við birgja.
- Fjárvörslu.
- Virðisaukaskattskilum.
- Ákvörðunum vegna launa yfirmanna.
- Innra eftirliti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2001 kemur fram að ástand mála er yfirleitt gott þegar litið er til þessara atriða. Nefna má að flestar stofnanir styðjast við ramma-samninga við innkaup, eignaskráning er almennt í góðu lagi og skil á virðisaukaskatti eru með við-eigandi hætti. Þá er ekki ástæða til að ætla annað en að launagreiðslur til yfirmanna séu í samræmi við lögmætar kjaraákvæðanir sem gilda fyrir þá. Að lokum má nefna að innra eftirlit reyndist ásættanlegt hjá meirihluta stofnana sem það var kannað hjá árið 2001. Sem vænta mátti reyndist það styrkast hjá stórum stofnunum þar sem unnt er að koma við nauðsynlegri verkaskiptingu mikilvægra starfa. Hjá minni stofnunum ræðst styrkleiki innra eftirlits fremur af verklagsreglum einstakra forstöðumanna.

Ríkisendurskoðun mun á næstu árum verja enn meiri tíma en áður í að kynna sér starfsemi, starfsumhverfi, bókhalds- og eftirlitakerfi þeirra stofnana sem hún endurskoðar, forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi þeirra og leitast við að tryggja að endurskoðunarvinnan skili tilætluðum árangri með vandaðri skýrslugjöf sem nýtist jafnt þeirri stofnun sem endurskoðuð er, Alþingi og almenningi. Í þessu samhengi skiptir miklu máli að Ríkisendurskoðun hafi góð samskipti við alla þessa aðila en þó verður sjálfstæði og óhæði stofnunarinnar jafnan að vera tryggt. Meðal annars verður stuðst við þá aðferðafræði sem kölluð er áhættustjórnun.


## Áhættustjórnun í opinberum rekstri

Áhættustjórnun er kerfisbundið ferli þar sem leitast er við að greina, meta og bregðast á skynsamlegan og hagkvæman hátt við þeirri áhættu sem jafnan felst í starfsumhverfi og rekstri stofnana og fyrirtækja. Það sem einkennir flesta áhættuþætti er óvissan um þær afleiðingar sem þeir hafa í för með sér. Vel má hugsa sér að sami þátturinn skipti eitt fyrirtæki litlu eða engu máli, veiti öðru fyrirtæki ný sóknarfæri og möguleika til að efla starfsemi sína en valdi þriðja fyrirtækinu alvarlegum erfiðleikum og verði jafnvel til að skaða rekstur þess eða ímynd. Dæmi um slíkt eru breyttir stjórnunarhættir eða ýmiss konar tækninýjungar sem ætlað er að bæta reksturinn.

Sjaldnast er hægt að eyða áhættuþáttum með öllu og reyndar væri slíkt í hæsta máta óæskilegt. Með áhættustjórnun er hins vegar á kerfisbundinn hátt leitast við að beina þeim í heppilegan farveg, nýta sér tækifærin sem þeir veita en takmarka hættuna sem þeir bera með sér. Þetta geta fyrirtæki og stofnanir gert með því að greina þá áhættuþætti sem felast í rekstri þeirra, flokka þá og forgangsraða eftir eðli og umfangi, mikilvægi og fjárhagslegum hagsmunum og meta hvaða áhætta er ásættanleg eða jafnvel eðlileg. Að því búnu er hægt að taka afstöðu til þess hvernig bregðast skuli við ótvíræðum veikleikum, koma í veg fyrir áföll og lágmarka tjón ef eitt-hvað fer úrskaiðis.

Áhættumat og áhættustjórnun hljóta ævinlega að taka mið af markmiðum sérhvers rekstraraðila og eðli þeirrar starfsemi sem hann hefur með höndum. Opinberar stofnanir og fyrirtæki hljóta t.d. að leggja mun meiri áherslu á að tryggja hagkvæma og skilvirka þjónustu við almenning og stuðla að öryggi og velferð hans en að sýna fram á fjárhagslegan hagnað. Um leið þurfa ríkis- aðilar að halda sér innan ákveðins fjárhagslegs ramma og taka tillit til ákvarðana stjórnvalda og þeirra laga og reglugerða sem þeim eru sett.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stjórnendur stofnana og fyrirtækja ríkisins sinni áhættumati og áhættustjórnun í daglegum rekstri. Í úttektum sínum hafa starfsmenn hennar því leitað svara við ýmsum spurningum sem tengjast slíkum aðgerðum. Nokkrir helstu áhættuþættir í opinberum rekstri koma fram á meðfylgjandi mynd.



Heimild: Breska ríkisendurskoðunin

Mikilvægt er að áhættumat og áhættustjórnun tengist náið áætlunar- og stefnumótunarferli stofnana og fyrirtækja, enda á áhættustjórnun ekki að vera einangrað, „vélrænt ferli“ heldur snar þáttur í viðleitni starfsmanna til að ná þeim markmiðum eða árangri sem stefnt er að með starfseminni. Þess vegna þarf markmiðssetning jafnan að vera skýr og sama gildir um áætlunir um væntanlegan árangur af verkefnum.

Að dómi Ríkisendurskoðunar getur áhættustjórnun hjálpað opinberum aðilum með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi skýrir hún tengsl áhættu og ábyrgðar í upphafi verks með því að leggja áherslu á forkönnun (þ.e. hagkvæmni- og matsáætlun), með því að beina áhættunni þangað sem auðveldast er að fást við hana og með því að skýra hver ber ábyrgð á einstökum áhættuþáttum. Í öðru lagi felur hún í sér mat á veikleikum, hvort einstök ferli skili þeim árangri sem að er stefnt og hvar úrbóta er þörf. Í þriðja lagi hjálpar hún til við að greina hugsanleg vandamál og stuðla að því að eignir og mannaúður nýtist þar sem þeirra er mest þörf. Í fjórða lagi getur hún hjálpað til við að meta þær afleiðingar sem breytt viðhorf, verkefni eða tækni hefur í för með sér og dregið fram hvernig málum skuli hagað svo að unnt sé að veita góða þjónustu. Að lokum getur hún orðið til þess að bæta þjónustu og gert hana skilvirkari með ýmiss konar ráðstöfunum til að bregðast við truflunum, töfum, tæknilegum örðugleikum eða takmörkunum á að veita þjónustu og vandkvæðum við að sinna aukinni eftirspurn.

Meginforsenda áhættustjórnunar er að allir marktækir valkostir séu metnir vandlega, bæði líkurnar á að þeir geti bætt árangur og hættan sem er þeim samfara. Sömuleiðis þarf að huga vel að því hvernig hægt sé að beina þessum möguleikum í heppilegan farveg og tryggja að endanlegur ávinningur sé í samræmi við þær væntingar sem fylgja rekstrinum.

## Endurskoðun upplýsingakerfa

Með tölvuvæðingu síðustu ára hefur orðið sú breyting á fjárhagslegu innra eftirliti að það er að stórum hluta orðið vélrænt, þ.e. byggt inn í upplýsingakerfin sjálf í stað þess að vera unnið í höndunum eins og áður. Árið 2002 sendi Ríkisendurskoðun frá sér leiðbeiningarrit um helstu aðferðir sem vélrænt eftirlit byggir á. Ritið nefnist



*Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum og á einkum að vera til hjálpar við val og stillingu á nýjum upplýsingakerfum og við endurbætur gamalla kerfa.*

Greint er frá því hversu áreiðanleg gögn í upplýsingakerfum þurfi að vera og hvaða skilyrði þau þurfi að uppfylla til að geta talist það. Í sumum tilvikum er óásættanlegt að villa sé í gögnum en í öðrum tilvikum geta of stífar vélrænar aðgerðir haft í för með sér fleiri annmarka en kosti. Almennu eru þó gerðar þær meginkröfur að gögn séu rétt, heil og gild, þ.e. að þau séu í fyrsta lagi skráð, unnin og geymd á réttan hátt, í öðru lagi heildstæð og tæmandi og að lokum mega þau ekki vera úrelt eða ósamþykkt.

Forvarnir, prófanir og leiðréttingar eru mikilvægir þættir innra eftirlits. Markmið forvarna er að hindra að óáreiðanleg gögn rati inn í upplýsingakerfi. Til að tryggja að gögn séu rétt má beita vélrænni innskráningu, staðlaðri skráningu eða skráningu sem styðst við forútfylltar skjámyndir. Til að tryggja að gögn séu heildstæð og tæmandi er mikilvægt að unnið sé með fyrirfram tölusett eyðublöð, að skráningu gagna sé skipt niður á tímabil og að ljóst sé hvar skrár byrja og enda. Til að tryggja að gögn séu gild þarf upplýsingakerfið m.a. að geyma innbyggt samþykktarferli með viðeigandi aðgangs- og lykilorðum, rafrænni undirskrift og dagsetningu.

Markmið prófana er að leiða í ljós mistök og villur sem gerðar hafa verið við skráningu gagna í upplýsingakerfi. Til að prófa hvort gögn séu gild

þarf að athuga hvernig færslur eru skráðar í kerfisdagbók þar sem m.a. á að koma fram hvaða aðilar tengjast eða geta tengst kerfinu, hvernig og hvenær.

Leiðréttingar eru oftast gerðar eftir að prófun hefur leitt í ljós villu og fela þær ýmist í sér beina leiðréttingu eða uppsetningu á nýrri forvörn eða prófun. Mikilvægt er að leiðrétting sé gerð eins nálægt upprunastað villunnar og hægt er og að sá sem gerði villuna fái vitneskju um hana. Til að hægt sé að leiðrétta gögn og tryggja að þau séu rétt þurfa forritarar að skilja forritið en einnig þarf að vera hægt að birta skýrslur um frávik, aldursgreina gögn og búa til villulista. Meðal aðgerða sem stuðla að því að gögn séu heil eru sjálfvirkar leiðréttingar, framleiðnimælikvarðar, villuboð og sjálfvirk afritataka. Tryggt er að gögn séu gild með réttum og uppfærðum handbókum og þeirri vinnureglu að einungis fáir, vel skilgreindir yfirmenn hafi rétt til að hundsá mikilvæg villuboð eða láta hjá líða að leiðrétta villur.

## Stjórnsýsluendurskoðun

Markmið stjórnsýsluendurskoðunar er að veita stofnunum og fyrirtækjum ríkisins aðhald í rekstri með ýmiss konar ábendingum um það sem betur má fara í stjórnun þeirra, skipulagningu, starfsmannamálum, eftirliti, markmiðsetningu og verklagi. Í lögum um Ríkisendurskoðun er kveðið á um að stjórnsýsluendurskoðun taki einkum til eftirfarandi verkefna:

- að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár,
- að kanna hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins,
- að athuga hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í rekstri þeirra,
- að meta hvort ráðstöfun styrkja og framlaga hafi skilað tilætluðum árangri.

Ríkisendurskoðun ákveður sjálf í hvaða verkefni er ráðist en tekur þó oft tillit til óska forsætisnefndar Alþingis, ráðuneyta eða stofnana. Verkefnin geta verið mjög fjölbreytileg að efni, efnistöðum og umfangi. Þau geta falist í athugun á einstaka rekstrarþáttum stofnunar, á stofnuninni allri eða fleiri en einni stofnun. Niðurstöður úttektanna eru að jafnaði birtar í formi opinberra skýrslna eða greinargerða.

Þar sem stjórnarsýsluúttektir krefjast bæði mikils tíma og mannafla hefur Ríkisendurskoðun leitast við að velja viðfangsefni sín af kostgæfni. Einkum hefur verið lögð áhersla á málefni sem hafa verulega þýðingu fyrir stjórnarsýsluna í heild, einstök ráðuneyti eða stofnanir. Við verkefnaval er sömuleiðis tekið mið af rökstuddum ábendingum um annmarka eða ágalla í rekstri stofnana eða fyrirtækja. Ævinlega er þó leitast við að nálgast hvert viðfangsefni á hlutlægan hátt og í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Skýrslur Ríkisendurskoðunar geyma oft nokkra gagnrýni en reynt er að setja hana fram á sanngjarnan og uppbyggilegan hátt. Þeirri stofnun sem tekin er til endurskoðunar er auk þess gefinn kostur á að meta umfjöllun Ríkisendurskoðunar og koma á framfæri athugasemdum og leiðréttingum áður en gengið er frá endanlegri skýrslu. Þegar skýrsla hefur verið birt lýkur yfirleitt afskiptum Ríkisendurskoðunar af viðkomandi málefni.

Árið 2002 lauk stjórnarsýslusvið við gerð 7 úttekta. Þetta ár var lögð sérstök áhersla á heilbrigðiskerfið og voru samdar 4 skýrslur sem tengdust því: *Sjúkrapjálfun. Stjórnarsýsluúttekt á sjúkra-tryggingasviði TR* (apríl), *Sólbeimar í Grímsnesi* (apríl), *Samningar Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna* (september) og *Stjórnarsýsluúttekt á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík* (september). Á árinu komu einnig út skýrslurnar *Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins* (febrúar) og *Framkvæmd búvörulaga* (febrúar).

Eitt brýnasta verkefni þeirra sem stjórna heilbrigðisþjónustu um heim allan er að stemma stigu við auknum kostnaði innan málaflokksins, beina því fjármagni sem er til ráðstöfunar þangað sem það kemur að mestum notum og auka hagkvæmni og skilvirkni þjónustunnar. Í þeim skýrslum Ríkisendurskoðunar sem varða heilbrigðisþjónustu var annars vegar leitað svara við því hvernig fjárframlögum ríkisins til einstakra stofnana eða málaflokka sé varið, hvort þeim sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur eða þá þjónustusamninga sem ríkið hefur gert við einstaka aðila og hvernig eftirliti stjórnvalda með þessari þjónustu er háttáð. Hins vegar var leitast við að varpa ljósi á það hversu vel stofnunum gangi að rækja það hlutverk sem þeim er ætlað, hvaða þættir hafi áhrif á þetta og með hvaða hætti stofnanir geti sinnt hlutverki sínu enn betur en þær gera.



Í skýrslum Ríkisendurskoðunar er bent á ýmsa veikleika í fyrirkomulagi þeirra málaflokka og stofnana sem voru til endurskoðunar. Í sumum tilvikum hefur ríkisfé augljóslega verið notað á annan hátt en gert var ráð fyrir í samningum og þar þyrfti viðkomandi ráðuneyti að kanna lögvarin réttindi sín og leitast við að tryggja að farið sé eftir þeim skilyrðum sem ríkið setur þjónustuaðilum. Í öðrum tilvikum skortir nógu góðar upplýsingar um kostnað við heilsuvernd eða lækni- og verkunarskipti til að hægt sé að meta hagkvæmni einstakra valkosta á markvissan hátt og nýta betur þá takmörkuðu fjármuni sem eru til ráðstöfunar. Í enn öðrum tilvikum skortir nauðsynlega verkaskiptingu sem m.a. hefur valdið því að einingaverð vegna heilbrigðisþjónustu hefur hækkað mun meir en sem nemur almennum verðhækkunum.

Í skýrslum Ríkisendurskoðunar eru sömuleiðis dregnir fram ýmsir annmarkar á þeirri þjónustu sem veitt er. Í sumum tilvikum er hún ófullnægjandi eða ekki í samræmi við samninga við stofnanir eða stefnu þeirra. Stundum stafar þetta af því að vinnuáferðir heilbrigðisstarfsmanna eða eðli þeirrar þjónustu sem þeir veita hafa breyst, m.a. vegna þess að samsetning þess hóps sem leitar eftir þjónustu hefur breyst. Þá eru þess dæmi að stefnumótun skorti, að verkefni hafi ekki verið skilgreind með viðhlítandi hætti eða að ákvæðum laga hafi ekki verið breytt til samræmis við breytingar innan heilbrigðiskerfisins. Að lokum er faglegu eftirliti að nokkru leyti áfátt. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stjórnvöld marki sér skýra stefnu í heilbrigðismálum enda sé slíkt forsenda góðrar og markvissrar þjónustu í þessum málaflokki.

## Lagasvið

Um stofnanir og fyrirtæki ríkisins gildir mikill fjöldi laga og reglugerða sem taka þarf tillit til við endurskoðun. Stundum getur leikið vafi á hvernig beri að túlka ákvæði þessara laga og reglugerða og kemur þá til kasta starfsmanna lagasviðs að greiða úr þeim vanda. Á hverju ári semja þeir fjölmargar álit- og greinargerðir um lögfræðileg vandamál sem tengjast endurskoðunarverkefnum stofnunarinnar. Þessar álitgerðir eru sjaldnast birtar opinberlega en setja stundum svip á rit og skýrslur stofnunarinnar. Auk þess að styðja og aðstoða önnur svið Ríkisendurskoðunar hefur lagasvið eftirlit með þeim sjóðum og stofnunum ríkisins sem starfa samkvæmt skipulagsskrá. Þá heyrir ein af nýjustu greinum endurskoðunar, umhverfisendurskoðun, einnig undir lagasvið.

## Umhverfisendurskoðun

Umhverfisendurskoðun tók að þróast fyrir tæpum aldarfjórðungi í tengslum við vitundarvakningu almennings, fyrirtækja og stjórnvalda um nauðsyn þess að gæta að umhverfinu. Um þetta leyti fóru ríki og alþjóðastofnanir að setja sér ný og metnaðarfull markmið í umhverfismálum sem kölluðu á nýja umhverfisstefnu, breytta löggjöf og aukna alþjóðasamvinnu. Jafnframt óx nauðsyn þess að hlutlausir aðilar legðu mat á stefnu stjórnvalda og árangur í umhverfismálum.

Umhverfisendurskoðun verður ekki skilgreind í fáum orðum en segja má að hún beinist að ýmsum skyldum, markmiðum, áætlunum og aðgerðum sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið. Í víðasta skilningi getur hún tekið til allra endurskoðunarverkefna sem tengjast umhverfismálum. Meðal mikilvægustu verkefna opinberrar umhverfisendurskoðunar er að kanna hvort og með hvaða hætti stjórnvöld innleiða alþjóðlega samninga og samþykktir um umhverfismál og framfylgja lögum og reglugerðum um slík mál. Jafnframt er reynt að meta þann árangur sem aðgerðirnar skila. Beitt er svipuðum aðferðum og notaðar eru við stjórnsýslu- og fjárhagsendurskoðun.

Í rekstri fyrirtækja og stofnana beinist umhverfisendurskoðun einkum að þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á umhverfið, en færst hefur



í vöxt að slík áhrif séu skráð sem „græn reikningskil“. Í slíkum rekstri hefur einnig rutt sér til rúms svonefnd umhverfisstjórnun. Hún er ná tengd gæðastjórnun og felur í sér skilvirka framkvæmd á umhverfislöggjöf, umhverfisstefnu, og stöðlum á sviði umhverfismála. Þá verða umhverfismál sífellt mikilvægari þáttur í almennri stjórnun og starfsemi fyrirtækja, t.d. stórra erlendra lánastofnana sem veita fé til opinberra framkvæmda á Íslandi. Íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa einnig tekið að sinna umhverfismálum í æ ríkari mæli. Þó eru græn reikningskil og umhverfisstjórnun heldur skemmra á veg komin hér á landi en í helstu viðmiðunarlöndum okkar.

Umhverfisendurskoðun byggir mjög á alþjóðlegu samkomulagi og samvinnu. Á 14. þingi Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI), sem haldið var í Washington í Bandaríkjunum 1992, var komið á fót sérstökum starfshópi um umhverfisendurskoðun. Þessi ákvörðun átti stuðning í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var sama ár í Ríó de Janeiró í Brasilíu en sú ráðstefna markaði tímamót í umhverfismálum og gjörbreytti allri umfjöllun um þennan mikilvæga málaflokk.

Bæði innan INTOSAI og Evrópusamtaka ríkisendurskoðenda (EUROSAD) er lögð rík áhersla á að þjóðir vinni saman á sviði umhverfisendurskoðunar. Íslendingum er mikilvægt að taka þátt í slíku samstarfi enda er nauðsynlegt að vekja athygli og áhuga alþjóðlegra umhverfisnefnda á íslenskum hagsmunamálum, t.d. verndun hafsins gegn mengun og óæskilegum loftslagsbreytingum.

um af manna völdum. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar fylgist vel með hvernig umhverfismál tengjast almennri stjórnun og starfsemi fyrir-tækja og stofnana.

Í lögum um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 var í fyrsta sinn kveðið á um að stofnunin geti sinnt umhverfisendurskoðun. Í 9. gr. þeirra laga er sagt að stofnunin geti „kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuld-bindingum á sviði umhverfismála“. Í framhaldi af þeirri lagasetningu var ráðið starfsfólk til stofnunarinnar að sinna verkefnum af þessu tagi. Nokkurt hlé varð á þeirri vinnu en nú hefur Ríkisendurskoðun ákveðið að taka upp þráðinn að nýju enda eru allar líkur á því að umhverfisendurskoðun fái á næstu árum aukið vægi hér á landi, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum.

Á næstu misserum mun Ríkisendurskoðun einkum beina athygli sinni að þremur verkefnum á sviði umhverfisendurskoðunar:

- Aðild Íslands að OSPAR samningnum um verndun NA-Atlantshafsins.
- Landshlutabundnum skógræktarverkefnum; þeim árangri sem þau hafa skilað og hvernig þau tengjast markmiðum stjórnvalda, lögum



um skógrækt og eftir atvikum alþjóðlegum samþykktum.

- Löggjöf og framkvæmd grænna reikningsskila. Athugun á danskri framkvæmd og reynslu.

Vönduð stefnumótun er forsenda árangurs. Ríkisendurskoðun mun því einnig leitast við að móta skýra stefnu um umhverfisendurskoðun.

## Útgefin rit árið 2002

### Skýrslur

Endurskoðun ríkisreiknings 2001. (nóvember)

Framkvæmd búvörlaga. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða 1995-2000. (febrúar)

„Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.“ Stjórnsýsluúttekt á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík. (september)

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000. (febrúar)

Samningar Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna 1998-2001. Stjórnsýsluendurskoðun sjúkra-tryggingasviðs TR. (september)

Sjúkraþjálfun. Stjórnsýsluendurskoðun á sjúkra-tryggingasviði TR. (apríl)

Sólheimar í Grímsnesi. (apríl)

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2001.

### Leiðbeiningarrit

Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum. Leiðbeiningar um vélrænt innra eftirlit fyrir stjórnendur og starfsmenn ríkisstofnana. (mars)



### Greinargerðir

Greinargerð um innflutning á heyrnartækjum og hlutum í þau á vegum Heyrnar- og talmeina-stöðvar Íslands frá 1. janúar 1997 til 31. maí 2001. (janúar)

Greinargerð um útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. (október)



# Ársreikningur 2002

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnásluendurskoðun.

Á árinu 2002 varð 19.128 þús. kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 33.097 þús. kr. og eigið fé nam 27.631 þús. kr. í árslok 2002.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Ríkisendurskoðun, 21. mars 2003



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sveinn Arason  
skrifstofustjóri

## Áritun endurskoðanda

Til forseta Alþingis.

Ég hef endurskoðað ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Ríkisendurskoðunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Reykjavík, 31. mars 2003



Guðmundur Skaftason, hrl.  
lögg. endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2002

|  | Skýr. | 2002                | 2001               |
|--|-------|---------------------|--------------------|
| <b>Tekjur</b>  |       |                     |                    |
| Seld þjónusta . . . . .                                    | 1     | <u>40.149.175</u>   | <u>30.336.533</u>  |
|  |       | <u>40.149.175</u>   | <u>30.336.533</u>  |
| <b>Gjöld</b>   |       |                     |                    |
| Launagjöld . . . . .                                       | 2     | 222.520.020         | 209.060.258        |
| Starfstengdur kostnaður . . . . .                          | 3     | 14.953.141          | 15.065.036         |
| Rekstrarkostnaður . . . . .                                | 4     | 5.959.616           | 5.234.205          |
| Aðkeypt þjónusta . . . . .                                 | 5     | 38.424.745          | 35.390.429         |
| Húsnæðiskostnaður . . . . .                                | 6     | 9.413.160           | 8.531.481          |
| Bifreiðakostnaður . . . . .                                | 7     | 610.421             | 402.469            |
| Opinber gjöld og tryggingar . . . . .                      | 8     | 419.712             | 46.296             |
| Tilfærslur . . . . .                                       | 9     | <u>720.000</u>      | <u>1.304.000</u>   |
|  |       | 293.020.815         | 275.034.174        |
| Eignakaup . . . . .  | 10    | <u>11.755.989</u>   | <u>4.775.163</u>   |
|  |       | <u>304.776.804</u>  | <u>279.809.337</u> |
| <b>Tekjuafgangur (-halli) fyrir ríkisframlag . . . . .</b> |       | (264.627.629)       | (249.472.804)      |
| Ríkisframlag . . . . .                                     |       | <u>245.500.000</u>  | <u>270.200.000</u> |
| <b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins . . . . .</b>         |       | <u>(19.127.629)</u> | <u>20.727.196</u>  |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

| <b>Eignir</b>                        | <b>Skýr.</b> | <b>2002</b>       | <b>2001</b>       |
|--------------------------------------|--------------|-------------------|-------------------|
| <b>Veltufjármunir</b>                |              |                   |                   |
| Ríkissjóður .....                    | 11           | 20.484.966        | 50.078.722        |
| Viðskiptakröfur .....                |              | 12.369.024        | 3.144.500         |
| Aðrar skammtímakröfur .....          |              | 25.576            | 198               |
| Handbært fé .....                    |              | 217.526           | 217.024           |
| <b>Eignir alls</b> .....             |              | <u>33.097.092</u> | <u>53.440.444</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>           |              |                   |                   |
| <b>Eigið fé</b>                      |              |                   |                   |
| Höfuðstóll í ársbyrjun .....         |              | 46.758.179        | 26.030.983        |
| Tekjuafgangur (-halli) á árinu ..... |              | (19.127.629)      | 20.727.196        |
| <b>Eigið fé</b> .....                | 12           | <u>27.630.550</u> | <u>46.758.179</u> |
| <b>Skuldir</b>                       |              |                   |                   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>              |              |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir .....               |              | 656.336           | 3.690             |
| Ógreidd gjöld .....                  |              | 4.810.206         | 6.678.575         |
| <b>Skuldir</b> .....                 |              | <u>5.466.542</u>  | <u>6.682.265</u>  |
| <b>Eigið fé og skuldir</b> .....     |              | <u>33.097.092</u> | <u>53.440.444</u> |

## Sjóðstreymi árið 2002

|  | 2002                | 2001                |
|--|---------------------|---------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                  |                     |                     |
| <i>Veltufé frá rekstri:</i>                                |                     |                     |
| Tekjuafgangur (halli) .....                                | (19.127.629)        | 20.727.196          |
| <b>Veltufé frá rekstri</b>                                 | <u>(19.127.629)</u> | <u>20.727.196</u>   |
| <br><i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i> |                     |                     |
| Skammtímakröfur (hækkun) .....                             | (9.249.902)         | 199.732             |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) .....                            | (1.215.723)         | 5.353.473           |
|  | <u>(10.465.625)</u> | <u>5.553.205</u>    |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                             | (29.593.254)        | 26.280.401          |
| <br><b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                          |                     |                     |
| <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>                     |                     |                     |
| Framlag ríkissjóðs .....                                   | (245.500.000)       | (270.200.000)       |
| Greitt úr ríkissjóði .....                                 | 275.093.756         | 243.890.382         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                              | <u>29.593.756</u>   | <u>(26.309.618)</u> |
| <br><b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....             | 502                 | (29.217)            |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....                       | 217.024             | 246.241             |
| <b>Handbært fé í lok ársins</b> .....                      | <u>217.526</u>      | <u>217.024</u>      |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Þær eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignarskatta.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

### Starfsþáttaskipting

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

**Handbært fé**

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

**Lífeyrisskuldbinding**

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Ríkisendurskoðunar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hennar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

**Bókhald og fjárvarsla**

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

**Fjárheimildir og rekstur**

Fjárlög fyrir árið 2002 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 245,5 m. kr. Engar viðbætur vegna verðlagsbreytinga urðu á árinu.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 264,2 m. kr. og urðu því 18,7 m. kr. umfram fjárheimildir ársins. Á árinu var ráðstafað 7 m. kr. af geymdri fjárheimild til byggingaframkvæmda. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús. kr.                    | Fjárlög         | Fjárheimild     | Reikningur      | Frávik          |
|-------------------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Launagjöld . . . . .          | 190.600         | 190.600         | 222.520         | (31.920)        |
| Önnur rekstrargjöld . . . . . | 63.100          | 63.100          | 69.993          | (6.893)         |
| Sértekjur . . . . .           | <u>(11.300)</u> | <u>(11.300)</u> | <u>(40.085)</u> | <u>28.785</u>   |
|                               | 242.400         | 242.400         | 252.428         | (10.028)        |
| Eignakaup . . . . .           | <u>3.100</u>    | <u>3.100</u>    | <u>11.756</u>   | <u>(8.656)</u>  |
|                               | <u>245.500</u>  | <u>245.500</u>  | <u>264.184</u>  | <u>(18.684)</u> |



Rekstrarreikningur ársins 2002, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

|                     | 2002               | 2001               |
|---------------------|--------------------|--------------------|
| Launagjöld          | 222.520.020        | 209.060.258        |
| Önnur rekstrargjöld | 70.500.881         | 65.970.553         |
| Sértekjur           | (40.149.261)       | (30.334.148)       |
|                     | <u>252.871.640</u> | <u>244.696.663</u> |
| Eignakaup           | 11.755.989         | 4.775.163          |
| Samtals             | <u>264.627.629</u> | <u>249.471.826</u> |

## Starfsþáttagreining

Samkvæmt skipuriti stofnunarinnar skiptist hún í þrjú megin svið auk yfirstjórnar. Kostnaði er skipt á einstök svið í samræmi við vinnuframlag starfsmanna samkvæmt verkþókhaldi stofnunarinnar. Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir sviðum:

|                   | 2002               | Hlutfall %   |
|-------------------|--------------------|--------------|
| Yfirstjórn        | 19.317.817         | 7,3          |
| Endurskoðunarsvið | 163.539.875        | 61,8         |
| Stjórnsýslusvið   | 63.510.631         | 24,0         |
| Lögfræðisvið      | 18.259.306         | 6,9          |
|                   | <u>264.627.629</u> | <u>100,0</u> |

## Sundurliðanir

### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Talið er eðlilegt að þau ríkisfyrirtæki sem stofnunin endurskoðar beri kostnað við endurskoðun þannig að samræmi verði milli þeirra og hinna sem endurskoðuð eru af endurskoðunarfélögum í umboði Ríkisendurskoðunar.

|                              | 2002              | 2001              |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Þjónustutekjur               | 37.706.916        | 28.926.353        |
| Endurgreiddur ferðakostnaður | 2.441.484         | 1.407.355         |
| Vaxtatekjur                  | 775               | 2.825             |
|                              | <u>40.149.175</u> | <u>30.336.533</u> |

## 2. Launagjöld

Í árslok 2002 var fjöldi starfsmanna Ríkisendurskoðunar 49 og hafði fjölgað um 6 á árinu. Meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna á árinu 2002 voru rúm 45 en voru um 43 á árinu 2001. Á árinu 2002 urðu engar almennar breytingar á kjarasamningum við starfsmenn.

|                        | 2002               | 2001               |
|------------------------|--------------------|--------------------|
| Dagvinna .....         | 127.295.468        | 121.139.371        |
| Aukagreiðslur .....    | 47.362.284         | 46.524.224         |
| Yfirvinna .....        | 11.012.275         | 7.914.280          |
| Launatengd gjöld ..... | <u>36.849.993</u>  | <u>33.482.383</u>  |
|                        | <u>222.520.020</u> | <u>209.060.258</u> |

## 3. Starfstengdur kostnaður

Á árinu 2002 var þessi kostnaðarliður með svipuðum hætti og árið á undan. Stofnunin hefur náið samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum og bresku ríkisendurskoðunina. Endurskoðun hjá Evrópuráðinu í Strassbourg og EFTA var með sama sniði og áður. Sótt var þing samtaka ríkisendurskoðunarstofnana í Evrópu (EUROSAI) í Moskvu. Á árinu var farin 31 utanlandsferð þar af 13 vegna endurskoðunar ríkisendurskoðanda og aðstoðarmanna hans hjá Evrópuráðinu en ráðið endurgreiðir hluta ferðakostnaðar.

|  |                   |                   |
|--|-------------------|-------------------|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands ..... | 756.589           | 765.980           |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....   | 7.871.194         | 8.500.638         |
| Fundir, námskeið og risna .....            | 4.869.242         | 4.260.873         |
| Akstur .....                               | <u>1.456.116</u>  | <u>1.537.545</u>  |
|  | <u>14.953.141</u> | <u>15.065.036</u> |

## 4. Rekstrarkostnaður

|                                |                  |                  |
|--------------------------------|------------------|------------------|
| Tímarit, blöð og bækur .....   | 2.453.746        | 1.900.860        |
| Skrifstofuvörur og áhöld ..... | 2.209.940        | 2.340.595        |
| Aðrar vörur .....              | <u>1.295.930</u> | <u>992.750</u>   |
|                                | <u>5.959.616</u> | <u>5.234.205</u> |

## 5. Aðkeypt þjónusta

Á árinu 2002 voru í gildi samningar við um 13 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá um 58 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaður á árinu nam 25.353 þús. kr.

|   | 2002              | 2001              |
|---|-------------------|-------------------|
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta . . . . .     | 1.700.256         | 1.887.259         |
| Önnur sérfræðiþjónusta . . . . .            | 29.139.894        | 27.608.792        |
| Sími og ýmis leigugjöld . . . . .           | 3.616.081         | 2.566.704         |
| Prentun, póstur, auglýsingar o.þ.h. . . . . | 3.968.514         | 3.327.674         |
|   | <u>38.424.745</u> | <u>35.390.429</u> |

## 6. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin.

|  |                  |                  |
|--|------------------|------------------|
| Húsaleiga og aðkeypt ræsting . . . . . | 8.106.110        | 7.451.745        |
| Rafmagn og heitt vatn . . . . .        | 1.041.877        | 1.005.360        |
| Verkkaup og byggingavörur . . . . .    | 265.173          | 74.376           |
|  | <u>9.413.160</u> | <u>8.531.481</u> |

## 7. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Nissan Terrano II, árgerð 1998.

|                                   |                |                |
|-----------------------------------|----------------|----------------|
| Verkstæði og varahlutir . . . . . | 293.127        | 103.192        |
| Bensín og olíur . . . . .         | 81.758         | 79.930         |
| Tryggingar og skattar . . . . .   | 235.536        | 219.347        |
|                                   | <u>610.421</u> | <u>402.469</u> |

## 8. Opinber gjöld og tryggingar

Starfsábyrgðartrygging löggiltra endurskoðenda fyrir árið 2001 var greidd á árinu 2002 og gjaldfærð á því ári. Virðisaukaskattur af launakostnaði í mötuneyti vegna ársins 2001 var greiddur í febrúar 2002 og gjaldfærast með því ári.

|  |                |               |
|--|----------------|---------------|
| Starfsábyrgðartrygging o.fl. . . . .         | 221.324        | 4.058         |
| Virðisaukaskattur vegna mötuneytis . . . . . | 160.683        | 0             |
| Opinber gjöld önnur . . . . .                | 36.413         | 39.853        |
| Vaxtagjöld . . . . .                         | 1.292          | 2.385         |
|  | <u>419.712</u> | <u>46.296</u> |

## 9. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar í samræmi við ákvæði kjara- samninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

|                  | 2002           | 2001             |
|------------------|----------------|------------------|
| Tilfærslur ..... | 720.000        | 1.304.000        |
|                  | <u>720.000</u> | <u>1.304.000</u> |

## 10. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2002 voru að stærstum hluta endurnýjun á tölvum og tölvubúnaði. Stofnunin hefur á liðnum árum fegrað ganga og annað opið rými með listaverkum eftir íslenska listamenn. Þessum þætti er nú að mestu lokið í eldri hluta húsnæðisins. Byggingaframkvæmdir hófust í nóvember 2002 og er fyrsta greiðslan færð af geymdri fjárveitingu.

|                             |                   |                  |
|-----------------------------|-------------------|------------------|
| Tölvubúnaður .....          | 1.988.446         | 2.805.785        |
| Húsgögn .....               | 1.194.093         | 433.177          |
| Skrifstofuvélar .....       | 779.207           | 583.201          |
| Önnur tæki og búnaður ..... | 294.243           | 0                |
| Listaverk .....             | 500.000           | 953.000          |
| Byggingakostnaður .....     | 7.000.000         | 0                |
|                             | <u>11.755.989</u> | <u>4.775.163</u> |

## Annað

### 11. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningskilum stofnunarinnar. Í árslok 2002 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 20.485 þús. kr. og hafði versnað um 29.594 þús. kr. á árinu.

|                               |                   |
|-------------------------------|-------------------|
| Staða 1. janúar 2002 .....    | 50.078.722        |
| Ríkisframlag .....            | 245.500.000       |
| Greiðslur .....               | (275.093.756)     |
| Staða 31. desember 2002 ..... | <u>20.484.966</u> |

## 12. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2002 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 27.631 þús. kr. og hafði staðan versnað um 19.128 þús. kr. frá árinu á undan. Þess ber að geta að framkvæmdir við viðbyggingu að Skúlatúni 6 hófust í nóvember og eru í árslok 18.000 þús. kr. af óráðstöfuðum heimildum markaðar til þessa verkefnis.

|                                    |                   |
|------------------------------------|-------------------|
| Höfuðstóll 1. janúar 2002 .....    | 46.758.179        |
| Ríkisframlag .....                 | 245.500.000       |
| Tekjuafgangur .....                | (264.627.629)     |
| Höfuðstóll 31. desember 2002 ..... | <u>27.630.550</u> |

## Kennitölur

### Verkefnavísar

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir verkefnum sem eru unnin af starfsmönnum Ríkisendurskoðunar. Til viðbótar er aðkeypt þjónusta endurskoðenda sem skiluðu á árinu 2002 86 ársreikningum og 25 endurskoðunarbréfum.

|                                   | 2002 | 2001 | 2000 |
|-----------------------------------|------|------|------|
| Áritaðir ársreikningar .....      | 328  | 248  | 174  |
| Endurskoðunarbréf .....           | 269  | 122  | 105  |
| Stjórnsýsluúttektir .....         | 7    | 10   | 7    |
| Innri endurskoðunarskýrslur ..... | 3    | 2    | 0    |
| Aðrar skýrslur .....              | 6    | 6    | 11   |

## Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

## Rekstur

|                          | 2002      | 2001      | 2000      | 1999      | 1998      |
|--------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Tekjur .....             | 40.149    | 30.336    | 29.509    | 24.379    | 20.972    |
| Gjöld .....              | (293.021) | (275.034) | (243.039) | (223.041) | (214.181) |
| Stofnkostnaður .....     | (11.756)  | (4.775)   | (5.560)   | (9.234)   | (5.703)   |
| Tekjuafgangur .....      | (264.628) | (249.473) | (219.090) | (207.896) | (198.912) |
| Ríkisframlag .....       | 245.500   | 270.200   | 238.700   | 219.800   | 190.800   |
| Tekjuafgangur ársins ... | (19.128)  | 20.727    | 19.610    | 11.904    | (8.112)   |

## Efnahagur

|                             |        |        |        |       |         |
|-----------------------------|--------|--------|--------|-------|---------|
| Veltufjármunir .....        | 33.097 | 53.440 | 27.360 | 9.524 | 886     |
| Eignir alls .....           | 33.097 | 53.440 | 27.360 | 9.524 | 886     |
| Höfuðstóll .....            | 27.631 | 46.758 | 26.031 | 6.420 | (5.483) |
| Skammtímaskuldir .....      | 5.466  | 6.682  | 1.329  | 3.104 | 6.369   |
| Eigið fé og skuldir alls .. | 33.097 | 53.440 | 27.360 | 9.524 | 886     |





## RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, Pósthólf 5350, 125 Reykjavík  
Sími: 561 4121; Bréfasími: 562 4546  
Heimasíða: [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)